

fréttabréf **bssl**

Desember 2010 32. árgangur 11. tbl.



efni bréfsins:

Sæðisdropinn.....	bls.2
Nýliðunarsstyrkir í sauðfjárrækt.....	bls.2
Námskeið í fjárhagsbókhaldi.....	bls. 2
Skýrsluhald í hrossarækt.....	bls.3
Járn í fóðri.....	bls. 3
Af hauststarfinu í sauðfjárrækt.....	bls.4
Áttu stóðhest.....	bls.7
Jafnvægisverðið er 280 kr á lítra.....	bls.8
Örmerkingar.....	bls.8
Umsjónarmenn stóðhesta.....	bls. 8

*Búnaðarsamband Suðurlands
óskar ykkur gleðilegra jóla
og farsæls nýs árs!
Þökkum samstarfið á árinu
sem er að líða.*



Skrifstofur
Búnaðarsambands
Suðurlands verða
lokaðar á aðfanga-
dag, 24. desember n.k., og
gamlársdag, 31. desember
n.k., vegna jólaeyfa.



SÆÐISDRÖPPINN 3/10

Framboð á nautkálfum á stöð hefur verið fremur dræmt hér á svæðinu síðustu vikur. Ég vil því endilega minna menn á að tilkynna um nautkálfa undan nauksmæðrum sem sæddar hafa verið með nauksfeðrum. Þá er einnig æskilegt að tilkynna um nautkálfa undan efnilegum fyrsta kálfs kvígum hafi þær verið sæddar með nauksföður. Nauksmæðraskrá var send í haust til þeirra sem skila mjólkurskýrslum á pappír en í Huppu má sjá nauksmæður í gripalista búans þar sem þær eru merktar með rauðu flaggi. Efnilegar kvígur eru merktar með grænu flaggi.

Nauksfeður

Nauksfeður til notkunar næstu mánuði eru þeir; Ófeigur 02016, Ás 02048, Gyllir 03007, Tópas 03027, Stássi 04024, Stíll 04041 og Ári 04043.

Ungnaut

Útsendingu úr nautum fæddum 2008 er lokið nema hvað Leikur 08069 er á síðustu metrunum. Dreifing er langt komin úr Jökli 09001, Kraka 09002, Gusti 09003, Silfra 09004, Merkúr 09009, Stubbi 09017, Bolta 09021 og Síll 09028. Byrjað er að dreifa sæði úr Hálsi 09029, Rauðgrana 09034 og Jarli 09039. Þá eru Jónsi 09041, Foss 09042, Gæi 09047 og Rósant 09051 í startholunum og fara til dreifingar við áfyllingu þann 21. des. n.k. eða 4. jan á nýju ári.

Að lokum óska ég svo sunnlenskum bændum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs um leið og ég þakka samstarfið á árinu sem er að líða.

Guðmundur Jóhannesson

» Nýliðunarstyrkir í sauðfjárrækt í fimm ár í stað þriggja

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hefur staðfest breytingu á reglum um nýliðunarstyrki í sauðfjárrækt sem felst í því að nú er hægt að sækja um framlög fimm ár í röð í stað þriggja áður, þó aldrei lengur en út gildistíma núverandi sauðfjársamnings. Breytingin er gerð að tillögu Samtaka ungra bænda, en var samþykkt af stjórnnum LS og BÍ og síðan staðfest af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu.

Samkvæmt samning um starfsskilyrði sauðfjárræktarinnar skal árlega verja fjármunum til nýliðunar í sauðfjárrækt samkvæmt liðnum nýliðunar- og átaksverkefni í samningnum. Skal verja til þess 43,75 prósentum af fjárhæð liðsins hverju sinni. Framlög eru veitt til bústofnskaupa og miðast við kaup á sauðfé umfram 50 fjár. Viðmiðunarupphæð framlags er 5.000 krónur á kind, en framlag má þó aldrei verða hærra en

kaupverð. Þeir sem fengið hafa úthlutað styrk og sækja um aftur geta sótt um sambærilegan styrk vegna fjölgunar í eigin bústofni. Eingöngu er þá heimilt að veita styrk út á þá fjölgun vetrarfóðraðra kinda sem umsækjandi sýnir fram á að hafi orðið vegna ásetnings úr eigin fjárstofni. Bændasamtökin annast afgreiðslu umsókna. Fullnægi umsókn öllum skilyrðum skal fyrst úthluta fullum framlögum til kaupa á fyrstu 50 kindunum samkvæmt hverri umsókn. Ekki er þó greitt framlag vegna fyrstu 50 kindanna í hverjum kaupum, nema þegar framlaginu er skipt. Að því loknu skal úthluta sömu framlögum til kaupa á kindum umfram 500, eftir því sem fjárveitingar leyfa.

Umsækjendur mega ekki hafa þegið beingreiðslur síðustu átta ár, ekki hafa verið skráðir eigendur að sauðfjárþúum og ekki hafa átt meira en fimmtíu fjár samkvæmt forðagæsluskýrslum. Næsti umsóknarfrestur rennur út 1. mars 2011. Auglýst verður eftir umsóknum í Bændablaðinu þegar nær dregur.

Námskeið í fjárhagsbókhalddi

Bændabókhaldd BSSL mun í samstarfi við dk-hugbúnað halda fjárhagsbókhalddnámskeið þann 12. janúar 2011 ef næg þátttaka fæst.



Farið verður yfir möguleika dk fjárhagsbókhalddsins. Uppsetningu, flokkun og skráningu bókhaldslykla. Uppsetningu fyrir virðisaukaskatt, ársreikninga og fjárhagsgreiningu. Einnig verður farið í uppfléttingar og útprentanir, ásamt möguleikum dk Búbótar.

Námskeiðið er 4 tímar og mun kosta 10.000 kr.

Skráning hjá Bændabókhalddi BSSL í síma 480-1830 eða hjá Búnaðarsambandi Suðurlands í síma 480-1800 fyrir 5. janúar n.k.

Skýrsluhald í hrossarækt – heimarétt o.fl.

Þegar þetta er skrifað ættu allir sem eru þátttakendur í hrossaskýrsluhaldi Bændasamtaka Íslands að vera búnir að fá í hendur folalda- og afdrifaskýrslur. Þær er best

að fylla út sem fyrst og koma í skráningu hjá Búnaðarsambandi Suðurlands, Austurvegi 1 á Selfossi. Það er að segja ef ekki er búið að ganga frá þeim rafrænt. Rétt er að minna ræktendur á heimaréttina í Worldfeng en mjög margir eru farnir að nota hana. Þar er hægt að skrá afdrif fangs, folöld, geldingu, eigandaskipti og afdrif

hrossa. Skilyrði fyrir því að hægt sé að skrá folöld í heimaréttinni er að árið 2009 hafi verið skilað inn stóðhestaskýrslu eða fyljunarvottorði. Það er því mjög brýnt að þeir sem hafa haft umsjón með stóðhestum sl. sumar skili inn skýrslum varðandi notkun á hestunum, nú þegar eru margar skýrslur komnar í hús. Skýrslurnar þurfa að vera undirritaðar af umsjónamanni stóðhestsins



og ef dýralæknir hefur ómskoðað verður undirskrift hans líka að vera á skýrslunni að öðrum kosti er sónar-skoðunin ekki skráð.

Þar sem lítið var um að ræktendur afþökkuðu að fá send skýrsluhaldsgögn á pappír nú í haust ákváðu Bændasamtök Íslands að framvegis yrðu menn að óska eftir því að fá þessi gögn send. Þannig að þeir sem vilja fá skýrsluhaldsgögnin á pappír haustið 2011 verða að fara inn í heimaréttina og undir flipann „Um mig“ og merkja við að þeir vilji fá gögnin send á pappír. Eða hafa samband við Búnaðarsamband Suðurlands og við

merkjum við þá sem áfram vilja fá þessi gögn á pappír. Þeir sem eru í hestamannafélagi eða Hrossaræktarsamtökum Suðurlands eiga rétt á fríum aðgangi að Worldfeng, endilega nýtið ykkur það. Worldfengur er ómissandi fyrir alla sem áhuga hafa á hrossum og hrossarækt!

Halla Eygló Sveinsdóttir

Járn í fóðri

Askan úr Eyjafjallajökli inniheldur mjög mikið magn af járn. Járníð getur annað hvort verið oxíð eða á súlfatformi. Samkvæmt upplýsingum frá NRC, National Research Council og EMFEMA, Evrópsku matvælastofnunni er járníð í öskunni oxíð sem þýðir að einungis 1% af járninu er nýtanlegt. Ef járníð væri á súlfatformi þá væri 20% járnins nýtanlegt. Um 60 % járn er í blóðinu, 10 % er í vöðvum auk þess sem járn er í ensímum.

Hvaða áhrif getur of mikið járn í fóðri haft á gripina?

Of mikið af járn dregur úr nýtingu sink (Zn), kopar (Cu) og mangan (Mn) auk fosfór (P), kópalt (Co) og kalsíum (Ca). Því er nauðsynlegt að hafa mun meira af vítamíni A/karótíni, vítamíni E, seleni, sinki og kopar í fóðrinu. Hins vegar er ekki þörf á að bæta við kopargjöf hjá sauðfé. Í töflu 1 má sjá hlutverk flestra þessara snefilefna sem járn getur haft áhrif á, auk sjúkdóma tengda skorti á þessum efnum.

Tafla 1. Hlutverk snefilefna og sjúkdómar tengdir snefilefnaskorti

Snefilefni	Hlutverk	Sjúkdómar tengdir skorti
Co - kóbalt	Hlutverk af B ₁₂ vítamíni	Röskun á orkuefnaskiptum, vanþrif. Aflitun hárs, niðurgangur, blóðleysi, vanþrif og fjöruskjögur.
Cu - kopar	Hluti a.m.k. 4 ensímakerfa	Blóðleysi
Fe - járn	Hluti af haemoglobíni	Skjaldkirtilsstækkun og skertur lífsþróttur í ungvíði, ófrjósemi og fastar hildir
I - jöð	Hluti af skjaldkirtilshormóni	Röskun á vexti beina, ófrjósemi, ónæmisbæling og truflun á starfsemi miðtaugakerfisins.
Mn - mangan	Ensím tengd brjóskmyndun, andoxun, blóðstorknun og kólesterol framleiðslu.	
Mo - molybden	Cofactor í nokkrum oxunarensímum	Ofgnótt truflar nýtingu á kopar Skortur veldur almennum vanþrifum. Bráð eitrun veldur garnabólgu og truflun á starfsemi miðtaugakerfisins. Langvinn ofgnótt truflar nýtingu kopars og selens.
S - Brennisteinn	Hluti methionine, cysteine, brjósks, thiamín og bítíns.	Hvítvöðvaveiki, fósturlát, kálfadauði, fastar hildir, ófrjósemi og ónæmisbæling.
Se - selen	Hluti a.m.k. 30 ensíma einkum tengdum andoxun og virkni skjaldkirtilhormóns	Lystarleysi og vanþrif. Lélegt efni í hófum og klaufum. Parakeratosis á húð.
Zn - sink	Hluti a.m.k. 200 ensímkerfa með mjög víðtæka virkni í efaskiptum líkamans.	

þrátt fyrir að járníð sé á því formi að það nýtist mjög illa og ætti ekki því að hafa eins mikil áhrif dregur askan úr lystugleika heyfengsins og veldur sliti á tönnum.

Þar sem heyforðinn er öskumengaður er ráðlegt að gefa bæði fyrningar og hey frá því í sumar til skiptis eða blanda því saman. Ef ekki eru til fyrningar væri ráðlegt í einhverjum tilfellum að fjárfesta í óöskumenguðu heyi. Einnig væri gott að gefa ungvíði viðbótarfóður s.s. korn og eða kjarnfóður sem væri járnlaust eða járnlítið.

Ef lystin minnkar hjá gripinum og þeir fá jafnvel niður-

gang er nauðsynlegt að skipta um eða breyta fóðruninni. Þessir tveir þættir valda hægari vexti og draga úr þyngdaraukningu.

Komi fram skortseinkenni samanber töflu 1 er rétt að hafa samband við dýralækni og Matvælastofnun.

Samanburður á hluta heysýna 2003 og 2010 með tilliti til kopars, járns og mangan

Af fyrsta slætti voru 200 heysýni snefilefnagreind frá árinu 2003. Sýnin voru úr öllum landshlutum en umfang landbúnaðar á hverju svæði hafði árfir á fjölda sýna. 20 sýni voru úr Árnassýslu, 21 úr Rangárvallasýslu og 9 úr V-Skaftafellssýslu. Þessar niðurstöður eru svo notaðar til að bera saman hluta af heysýnum sem tekin voru á Suðurlandi nú í sumar. Sýnin voru greind aftur þá með tilliti til járns, mangans og kopars. Hér fyrir neðan má sjá samanburð milli sýslna á heysýnum frá 2003 og 2010.

Tafla 2. Samanburður á kopar, járn og mangan milli sýslna frá árinu 2003 og 2010

Sýsla	Fjöldi sýna	2003			Sýsla	Fjöldi sýna	2010		
		Cu mg/kg þe.	Fe mg/kg þe.	Mn mg/kg þe.			Cu mg/kg þe.	Fe mg/kg þe.	Mn mg/kg þe.
V-Skaft.	9	6	270	85	V-Skaft.	6	6	328	62
Rangárv.	21	6	132	74	Rangárv.	31	7	625	67
Árnass.	20	7	229	91	Árnass.	9	7	265	59

Kopar er eins í sýslunum nema í Rangárvallasýslu. Þar er kopar 1 mg/kg þ.e. hærra árið 2010 en árið 2003. Járn er hærra árið 2010 í öllum sýslunum, þar munar mestu í Rangárvallasýslu. eða 493 mg/kg þ.e. Mangan er í öllum sýslunum lægra árið 2010 og er mestur munur í Árnassýslu eða 32 mg/kg þ.e. Minnstur munur er í Rangárvallasýslu eða 7 mg/kg þ.e.

Tafla 3. Flokkun heysýna eftir styrk snefilefna (mg/kg þe.)

	Skortur	Á mörkum	Mótvirgni gegn nýtingu Cu			Eitrunarmörk
			Viðunandi	Nokkur	Mikil	
Cu - Kopar	< 4,0	4,0-9,9	> 10			100
Fe - Járn	< 50		50-200	> 200-400	> 400	1.000
Mn - Mangan	< 20	20-39,9	> 40			1.000

Samkvæmt töflu 3 þá er kopar og mangan árið 2010 á mörkum eða viðunandi í sýslunum þremur en járn er hinsvegar yfir viðunandi mörkum og getur haft nokkra eða mikill áhrif á nýtingu kopars.

Mikilvægt er að kynna sér framboð af stein- og bætiefnum sem taka tillit til of mikils járns í fóðri sem í boði eru hjá fóðursölu fyrirtækjunum.

Heimildir: Unnið upp úr grein *Styrkur snefilefna í heyi*, Fræðingur landbúnaðarins 2006. <http://www.landbunadur.is/landbunadur/wgsamvef.nsf/key2/index.html>

» Af hauststarfinu í sauðfjárrækt 2010

Lambaskoðanir og hrútasýningar 2010

Fyrstu lambaskoðanir haustsins voru í byrjun september og þær síðustu í byrjun nóvember. Mesti annatíminn var frá 14. september til 20. október og er það breyting frá fyrri haustum. Bændur vildu fá lambaskoðanir fyrir á sumum svæðum vegna verðlagningar afurðarstöðvanna. Einnig voru þrjú dómagengi að störfum í tvær vikur og var þá hægt að fara yfir fleiri svæði á styttri tíma. Þegar unnið var eftir skipulagðri dagskrá nýttust dagarnir mjög vel.

Aðalstarfsmenn haustsins voru Fanney Ólöf, Þórey, Óðinn Örn, Hermann, Sveinn Rúnar, Grétar Már og Halla Eygló. Jón Viðar og Guðmundur Jóhannesson komu að skoðunum í nokkra daga. Ágúst Ingi Ketilsson kom okkur til bjargar í einn dag í Holta- og Landsveitinni. Sólrún Ólafsdóttir sá um skráningu á dómum. Eins og í fyrrahaust voru allir dómáskarðir í nýja skýrsluhaldskerfið www.fjarvis.is bæði á hrútum og gimbrum.

Bændum var boðið upp á að skrá dómana sjálfir gegn 10% afslætti af gjaldskrá. Þetta fyrirkomulag tókst með ágætum en þó voru allt of margir bændur sem voru ekki búnir að skrá dómana fyrir tilsettan dag og því féll afslátturinn niður hjá þeim.

Haustfundirnir í sýslunum fjórum voru haldnir dagana 24. og 25. nóvember. Á fundunum fór Þórey yfir niðurstöður hauststarfsins, Sveinn Sigurmundsson fór yfir starfsemi Sauðfjársæðingarstöðvar Suðurlands og Jón Viðar frá Bí kynnti hrútakost Sauðfjársæðingastöðvarinnar ásamt því að vera með fróðleik um skýrsluhaldið og sæðingastarfsemina almennt. Eftir að fundargestir höfðu gætt sér á kaffi og kökum í boði Sauðfjársæðingarstöðvar Suðurlands voru verðlaunaveitingar. Að venju voru 5 bú verðlaunuð fyrir efstu lambhrútana í hverri sýslu, 3 efstu veturgömlu hrútarnir í hverri sýslu voru verðlaunaðir fyrir einstaklingsdóm og 5 eldri hrútar í hverri sýslu voru verðlaunaðir fyrir BLUP kynbótamat. Hrútar, bæði veturgamlir og lambhrútar, sem dregnir voru niður fyrir

haus (t.d. vegna skakks bits) eða með gallaða fætur komu ekki til greina sem verðlaunahrútar og voru teknir af listanum yfir þá stigahæstu vegna þessara galla. Dregið er 0,5 stig af samanlögðum stigum fyrir bak, malir og læri hjá lambhrútum sem eru gengnir einir undir.

Að þessu sinni voru verðlaunaplattar veittir í öllum flokkum og voru þeir gefnir af þremur fyrirtækjum. Búaðföng gaf verðlaun fyrir lambhrútana, N1 gaf verðlaun fyrir veturgömlu hrútana og Búnaðar-sambandið gaf verðlaun fyrir BLUP hrútana.

Tafla 1. Hæst dæmdu veturgömlu hrútarnir 2010

Austur-Skaftafellssýsla																	
Númer	Nafn	Býli	Faðir	Þ.	Fótl.	Ómv.	Ómf.	Lögun	H+H	Br&Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Sam.	Alls	BML
09-571	Angi	Hlíð	06-994 Bifur	80	117	45	4,9	5,0	8,5	8,5	10,0	9,0	18,5	8,0	8,5	87,0	37,5
09-510	Nýpugarðar		07-398	78	119	41	5,8	5,0	8,0	8,5	9,5	9,0	18,5	8,0	8,5	86,0	37,0
09-755	Þór	Vík 2	06-806 At	68	117	37	2,1	4,5	8,5	8,0	9,0	9,5	18,5	8,0	8,5	86,0	37,0
Vestur-Skaftafellssýsla																	
Númer	Nafn	Býli	Faðir	Þ.	Fótl.	Ómv.	Ómf.	Lögun	H+H	Br&Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Sam.	Alls	BML
09-561	Tengill	Reynir	05-524 Háll	89	121	40	3,3	5,0	9,0	9,0	9,5	9,5	19,0	8,0	8,5	88,5	38,0
09-453	Rómur	Borgarfell	05-966 Raftur	81	114	40	2,8	4,5	8,5	9,0	10,0	9,0	19,0	8,0	8,0	87,5	38,0
09-425	Þyrnir	Herjólfst.	05-966 Raftur	96	118	41	6,6	4,0	9,0	9,0	9,5	9,0	19,0	8,0	8,0	87,5	37,5
Rangánallssýsla																	
Númer	Nafn	Býli	Faðir	Þ.	Fótl.	Ómv.	Ómf.	Lögun	H+H	Br&Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Sam.	Alls	BML
09-386	Rammi	Ytri-Skógar	05-966 Raftur	89	115	41	2,9	4,0	8,5	9,0	9,0	9,5	19,0	7,5	8,5	87,0	37,5
09-241	Róni	Efsta-Grund	04-815 Garpur	81	110	39	5,8	5,0	8,5	8,5	9,5	9,0	19,0	8,0	8,5	87,0	37,5
09-110	Toppur	Raflholt	05-141 Pakki	81	119	43	6,2	3,5	9,0	9,0	9,0	9,0	19,0	8,0	8,0	87,0	37,0
Ámessýsla																	
Númer	Nafn	Býli	Faðir	Þ.	Fótl.	Ómv.	Ómf.	Lögun	H+H	Br&Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Sam.	Alls	BML
09-027	Klettur	St-Reykir	06-994 Bifur	99	118	49	6,2	5,0	9,0	9,5	10,0	10,0	19,0	7,5	9,0	90,0	39,0
09-022	Skafti	Syðri-Gróf	05-966 Raftur	95	115	44	4,3	5,0	8,5	9,0	10,0	9,5	19,0	7,5	8,5	88,0	38,5
09-085	Klettur	Brúnastaðir	05-014 Leynir	100	118	40	5,8	5,0	8,5	9,5	9,5	9,5	19,0	8,0	8,5	88,5	38,0

Veturgamlir hrútar

Í haust voru dæmdir 663 veturgamlir hrútar sem er 103 hrútum fleira en haustið 2010 og hafa þeir ekki verið fleiri síðan 2006. Vænleiki var aðeins minni en í fyrra en hrútarnir voru að meðaltali 81,4 kg. Þyngstu hrútarnir voru í Austur-Landeyjum 88,8 kg að meðaltali. Meirihluti hrútanna eða 98% fékk I verðlaun A. Flestir hrútar voru dæmdir í Holta- og Landsveit 55 og þar á eftir kom Suðursveitin með 40 hrúta. Veturgömlu hrútarnir dæmdust aðeins hærra þetta haustið, bæði í lærastigum og heildarstigum, þó svo að ómvöðvi væri aðeins þynnri og vænleiki minni. Af þessum 663 hrútum voru 329 (50%) undan sæðingahrútum, 284 undan þeim hyrndu og 45 undan þeim kollóttu. Raftur átti flesta syni þetta haustið eða 63. Á eftir honum komu Lundi með 33, Krókur með 31 og At með 30 syni. Raftssynirnir komu best út að öllu leyti. Garpur átti flesta syni af kollóttu hrútunum eða 15. Næstir á eftir honum komu Undri með



Klettur 09-027 frá Stóru-Reykjum, f. Bifur 06-994.

9 og Örvar með 8 syni. Máni og Garpur voru að gefa bestu synina.

Efsti veturgamli hrúturinn í Árnessýslu kemur frá Stóru-Reykjum og heitir Klettur 09-027 Bifursson 06-994. Klettur var einnig stigahæsti veturgamli hrúturinn á Suðurlandi í haust, fékk alls 90 stig sem er ekki algengt. Í Rangárvallasýslu var Rammi 09-386 Raftsson 05-966 í Ytri-Skógum efstur. Tengill 09-561 á Reynni var hæst dæmdur í Vestur-Skaftafellssýslu, hann er sonur Háls 05-524 sem er Álssonur 00-868. Í Austur-Skaftafellssýslu stóð efstur Angi 09-571 í Hlíð undan Bifur 06-994.

Lambhrútar og gimbrar

Skoðaðir voru um 3.200 lambhrútar og 11.700 gimbrar í sýslunum fjórum. Þar af voru 164 lambhrútar dæmdir vegna afkvæmarannsóknar á Ytri-Skógum og 88 hrútar dæmdir á Hofi í Öræfum fyrir Sauðfjársæðingastöð Suðurlands. Niðurstöður þeirra

rannsóknna voru mjög góðar og ákveðið var að taka tvo hrúta á stöð frá Ytri-Skógum, þá Gosa Lundason og Kost sem er út af Kveik og Geysir Raftsson frá Hofi. Aukning var á dæmdum lambhrútum og gimbrum frá haustinu 2009 eða 9,5% aukning í hrútunum og 6,4% aukning hjá gimbrunum.

Tæplega helmingur lambhrútanna var undan sæðingahrútum eða 48%. Úrval góðra hrútsefna var mikið en það voru ekki eins margir einstaklingar sem voru að skara fram úr eins og haustið 2009. Tæplega helmingurinn af lambhrútunum voru að mælast með 30 mm bakvöðva eða meira, sem er mjög gott. Þykkasti bakvöðvinn á lambhrút í haust var 40 mm og voru það nokkrir hrútar sem deildu þeirri þykkt. Sæðingahrútarnir voru flestir að koma vel út og er það ánægjulegt. Af hyrndu sæðingahrútunum átti Kveikur flesta syni, 228 en Þrjónn kom næstur með 216. Næstir komu Fálki með 127, Borði með 110 og Fannar með 109. Af kollóttu hrútunum áttu flesta syni Bogi 47, Blossi 33 og Skrauti 26.

Af hyrndu sæðingahrútunum var Borði að koma sterkastur út að jafnaði á Suðurlandi en fast á hæla honum komu þeir Hriflon og Fannar. Lömbin undan Borða voru einstaklega átaksgóð og einnig falleg á velli, sem einkennir ekki alltaf lömb undan Hesthrútum. Kveikur og Þrjónn voru líka að koma vel út en þeir áttu mun fleiri syni en þeir þrír efstu. Aðrir hrútar voru einnig að koma ágætlega út hver á sinn hátt eins og t.d. Cat, Fálki og Stáli.

Af kollóttu hrútunum var Týr sterkastur en Bogi og Frakksson fylgdu honum fast á eftir. Bogi var að koma best út á heildina litið þar sem hann átti mun fleiri lambhrúta en hinir.

Eins og haustið 2009 voru flestir lambhrútar dæmdir í Árnessýslu, 933. Hæst heildarstig voru í Vestur-Skaftafellssýslu, 83,7 stig. Lærastigun og samanlögð stig

fyrir bak, malir og læri (BML) voru mjög jöfn í sýslunum, 17,4 stig fyrir læri og 34,5 fyrir BML að meðaltali. Þykkasti bakvöðvinn að meðaltali var í Árnes- og

Tafla 2. Bú verðlaunuð fyrir hæst dæmdu lambhrúta 2010

Árnessýsla																				
Sæti	Býli	Nr.	B	G	Faðir	p.	Fótl.	Ómv.	Ómf.	Lögun	H+h	Br&útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Samr.	Alls	BML	
1	Hamar	81	2	2	05-007	Stubbur	49	109	34	4,9	4,5	8,5	9,0	9,5	9,5	19,0	8,0	8,5	88,0	38,0
	Hamar	109	2	2	05-005	Fengur	40	110	39	2,5	5,0	8,5	9,0	10,0	9,5	18,0	8,0	8,0	87,0	37,5
2	Syðri-Gróf 2	20	2	1	08-838	Borði	50	108	40	2,8	5,0	9,0	9,5	10,0	9,5	18,5	8,0	8,0	88,5	37,5
3	Langsstaðir	23	2	2	09-091	Tappi	48	105	37	3,1	5,0	9,0	9,0	9,5	9,5	18,5	7,5	8,5	87,5	37,5
4	Bræðratunga	465	2	2	04-814	Bogi	54	110	40	3,1	5,0	8,5	8,5	10,0	9,5	18,0	8,0	8,5	87,0	37,5
	Bræðratunga	489	2	2	04-814	Bogi	62	112	40	3,1	5,0	8,5	8,5	10,0	9,0	18,5	8,0	8,5	87,0	37,5
5	Stóru-Reykir	92	2	2	07-837	Hriflon	56	107	39	2,8	5,0	8,5	9,0	10,0	9,0	18,5	7,5	8,5	87,0	37,5
Rangárvallasýsla																				
Sæti	Býli	Nr.	B	G	Faðir	p.	Fótl.	Ómv.	Ómf.	Lögun	H+h	Br&útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Samr.	Alls	BML	
1	Fitjarmýri	97	2	2	08-838	Borði	44	112	34	2,8	5,0	8,5	9,0	9,5	9,5	18,5	8,0	8,5	88,0	37,5
	Fitjarmýri	263	2	2	05-965	Kveikur	51	104	40	2,1	4,0	8,5	9,0	9,5	9,0	19,0	8,0	8,0	87,0	37,5
3	Efsta-Grund	113	2	2	07-823	Blossi	56	110	34	3,4	5,0	9,0	9,0	9,5	9,5	18,0	8,0	9,0	88,0	37,0
4	Hemla 2	85	2	2	04-814	Bogi	58	109	37	5,3	4,5	8,5	8,5	9,5	9,5	18,0	8,5	9,0	87,5	37,0
5	Hólmar	100	2	2	05-965	Kveikur	54	108	36	3,1	5,0	8,5	9,0	9,5	9,5	18,0	8,0	8,5	87,0	37,0
Vestur-Skaftafellssýsla																				
Sæti	Býli	Nr.	B	G	Faðir	p.	Fótl.	Ómv.	Ómf.	Lögun	H+h	Br&útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Samr.	Alls	BML	
1	Mýrar	1856	2	2	07-163	Logi	56	108	37	4,5	4,0	8,5	9,0	9,5	9,0	19,0	8,5	8,5	88,0	37,5
2	Fagurhlíð	9281	2	2	07-002	Giltir	50	105	35	3,3	4,5	8,5	8,0	9,5	9,0	18,5	8,0	9,0	86,5	37,0
	Fagurhlíð	9441	3	2	07-001	Börkur	48	108	34	2,9	4,0	8,5	8,5	9,0	9,5	18,5	8,5	8,0	86,5	37,0
3	Borgarfell 1 og 3	1537	2	2	09-453	Rómur	41	103	32	1,8	5,0	8,5	8,5	9,5	9,0	18,5	7,5	8,0	85,5	37,0
4	Kettisstaðir 2	81	1	1	04-814	Bogi	60	113	40	2,1	5,0	8,5	9,0	10,0	9,0	18,0	8,0	8,5	87,0	36,5
5	Uthlíð	1440	2	2	09-533	Villingur	54	108	35	2,8	4,0	9,0	9,0	9,0	9,5	18,0	8,0	8,5	87,0	36,5
Austur-Skaftafellssýsla																				
Sæti	Býli	Nr.	B	G	Faðir	p.	Fótl.	Ómv.	Ómf.	Lögun	H+h	Br&útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Samr.	Alls	BML	
1	Hof 1, Eystri Bær	289	2	2	07-835	Sokki	47	109	35	1,7	5,0	8,5	9,0	9,5	9,5	18,5	8,0	8,5	87,5	37,5
2	Svínafell 2, Viðihlíð	185	2	2	08-465	Kveikur	51	111	36	2,9	4,5	9,0	9,0	9,5	9,0	18,5	7,5	8,5	87,0	37,0
3	Hólabrekka	128	2	2	07-404	Högni	53	106	37	3,3	4,5	9,0	8,5	9,5	9,0	18,5	8,0	8,0	86,5	37,0
4	Hlíð	10	3	2	05-965	Kveikur	46	107	36	2,1	4,5	8,5	8,5	9,5	9,0	18,5	8,0	8,5	86,5	37,0
5	Hof 4, Hofskot	1	2	2	05-965	Kveikur	46	106	35	2,1	5,0	8,5	9,0	9,5	9,0	18,5	7,5	8,0	86,0	37,0

Rangárvallasýslum, 29,5 mm. Gimbrarnar komu vel út að meðaltali yfir starfssvæðið og í mörgum tilfellum voru gimbrahóparnir fallegri en hrútahóparnir á bæjunum. Meðalómvöðvinn var 27,7 mm, fita 2,7 mm og læri 17,2 hjá 11.661 gimbu sem skráðar voru.

Eins og fram kemur fram í greininni voru fimm bæir verðlaunaðir fyrir stigahæstu lambhrútana fyrir samanlögð stig fyrir bak, malir og læri í hverri sýslu. Hæst dæmdu lambhrútarnir haustið 2010 dæmast ekki eins hátt eins og hæst dæmdu lambhrútarnir 2009, en í sýslunum fjórum voru 403 lambhrútar með 36,0 eða meira fyrir samanlögð stig fyrir bak, malir og læri. Árið 2009 voru þeir heldur fleiri eða 481. Af þessum 403 voru 54,1% undan sæðingahrútum sem er alveg sama hlutfall og árið áður. Þrjú átti flesta syni á þessum lista 39 talsins en ekki langt á eftir honum kom Kveikur með 37 syni. Á eftir þeim komu Fannar og Borði með 29 hvor, Hriflon með 21 og Fálki, Stáli og Sokki með 10 hver. Aðrir hrútar áttu færri syni.

Sá hrútur sem fékk flest heildarstig í haust kemur frá Vogsósum 2 í Selvogi og er undan Kveik 05-965. Hann

fékk 90 stig í heildina en vegna þess að hann var fæddur og genginn einlembingur drógust 0,5 stig af honum fyrir BML og endaði hann þar í 37,0 stigum sem nægðu honum ekki í verðlaunasæti.

Í Árnessýslu var Hamar í Gaulverjabæjarhreppi efstur með tvo lambhrúta. Lambhrútur nr. 81 undan Stubb 05-007 sem er sonarsonur Hyls 01-883 dæmdist hærra. Hann var með 38,0 fyrir BML og 88,0 heildarstig. Þessi lambhrútur var stigahæstur á Suðurlandi í haust fyrir samanlögð stig fyrir bak, malir og læri. Hinn hrúturinn var undan Feng 05-005 sem er sonarsonur Týs 02-929. Í Rangárvallasýslu stóð Fitjarmýri í Vestur-Eyjafjöllum efst með lambhrút nr. 97 undan Borða 08-838. Hann var með 37,5 stig fyrir BML og 87,5 heildarstig. Í Vestur-Skaftafellssýslu kom efsti hrúturinn frá Mýrum í Álftaveri og er hann nr. 1856 undan Loga 07-163 sem er út af Vin 99-837. Hann var með 37,5 stig fyrir BML og 88,0 heildarstig. Í Austur-Skaftafellssýslu var Hof 1 í Örafum í efsta sæti með lambhrút nr. 289 undan Sokka 07-835. Hann var með 37,5 stig fyrir BML og 87,5 heildarstig.

BLUP kynbótamatíð 2010

BLUP verðlaunaveitingarnar eru veittar á hverju hausti, þar sem reiknað er út frá upplýsingum úr skýrsluhaldinu árið áður. Á fundi Sauðfjárræktarnefndar BSSL í ágúst s.l. var samþykkt að nota alla þætti kynbótamatsins til að vinna heildareinkunn fyrir hrútinn. Heildareinkunnin er samsett af einkunn fyrir fitu, gerð, mjólkurlagni og frjósemi ((fita+gerð+mjólkurl.+frjós.)/4=heildareinkunn). Með þessum hætti erum við að verðlauna hrúta sem eru bæði góðir í kjötmatinu og gefa líka góðar dætur. Heildareinkunnin var aðeins misjöfn á milli sýslna og var hún áberandi hæst í Rangárvallasýslu þar sem allir hrútarnir þar voru með mjög góðar einkunnir fyrir dætur. Af þeim 20 hrútum sem voru verðlaunaðir í sýslunum fjórum á Raftur 7 syni, Kveikur 6 og aðrir Hesthrútar 5 syni. Hesthrútarnir eru ennþá sterkir í þessum flokki og verða eflaust næstu árin. Efstur í Árnessýslu eins og



Nr. 1331 í Vogsósum, f. Kveikur 05-965.



Nr. 081 á Hamri, f. Stubbur 05-007.

Tafla 3. Efstu hrútarnir í BLUP kynbótamati 2010

Ánessýsla														
Númer	Nafn	Faðir	Býli	Kjötmat					Dætur			Sláturupplýsingar 2009		
				Fita	Gerð	Heild	Mjólkurl.	Friðsemi	Heildareinkunn*	Fjöldi	Fallþ.	Gerð	Fita	
04-774	Funi	01-883	Hylur	Ósabakki 3	136	120	129,6	98	107	115,3	92	15,1	8,8	5,1
08-170	Snorri	05-965	Kveikur	Heiðarbær 1	126	119	123,2	109	103	114,3	32	15,1	8,6	5,4
07-065	Dóni	05-966	Raftur	Egilsstaðakot	114	137	123,2	98	108	114,3	34	16,8	10,7	6,9
08-226	Þróttur	06-231	Bósi	Auðsholt 4	122	129	124,8	102	103	114,0	23	17,5	10,6	6,5
07-214	Leiri	03-525	Skari	Eyvík	113	134	121,4	98	110	113,8	36	14,9	9,1	5,3
Rangárvallasýsla														
Númer	Nafn	Faðir	Býli	Kjötmat					Dætur			Sláturupplýsingar 2009		
				Fita	Gerð	Heild	Mjólkurl.	Friðsemi	Heildareinkunn*	Fjöldi	Fallþ.	Gerð	Fita	
07-403	Skækill	05-966	Raftur	Skarð	153	117	138,6	104	109	120,8	72	17,3	10,2	6,6
08-412	Salomon	05-965	Kveikur	Skarð	132	113	124,4	118	107	117,5	53	17,1	10,0	6,8
08-111	Púki	05-965	Kveikur	Kaldbakur	124	129	126,0	105	106	116,0	29	15,5	10,0	5,5
08-201	Logi	05-965	Kveikur	Brú	128	122	125,6	112	101	115,8	23	15,5	9,6	5,3
08-411	Svartur	05-965	Kveikur	Skarð	120	116	118,4	118	108	115,5	40	18,0	10,6	7,6
Vestur-Skaftafellssýsla														
Númer	Nafn	Faðir	Býli	Kjötmat					Dætur			Sláturupplýsingar 2009		
				Fita	Gerð	Heild	Mjólkurl.	Friðsemi	Heildareinkunn*	Fjöldi	Fallþ.	Gerð	Fita	
07-160	Fantur	05-966	Raftur	Mýrar	127	141	132,6	105	99	118,0	58	15,3	9,1	6,2
08-476	Þiti	06-995	Bjálki	Borgarfell	123	122	122,6	110	109	116,0	28	17,4	10,6	6,1
08-320	Brynjar	01-883	Hylur	Hörngsland II	127	120	124,2	113	100	115,0	26	16,6	9,5	6,1
08-506	Hnútur	05-965	Kveikur	Kirkjubæjarkl. II	131	111	123,0	110	108	115,0	27	14,8	8,4	4,9
04-077	Ári	02-904	Gári	Mýrar	126	114	121,2	106	114	115,0	29	15,1	7,9	5,7
Austur-Skaftafellssýsla														
Númer	Nafn	Faðir	Býli	Kjötmat					Dætur			Sláturupplýsingar 2009		
				Fita	Gerð	Heild	Mjólkurl.	Friðsemi	Heildareinkunn*	Fjöldi	Fallþ.	Gerð	Fita	
07-563	Breki	05-966	Raftur	Hof 1	136	119	129,2	102	104	115,3	66	15,9	9,1	6,4
08-122	Háski	05-966	Raftur	Gerði	130	117	124,8	109	104	115,0	58	16,0	8,8	6,0
07-123	Túli	05-966	Raftur	Gerði	131	115	124,6	108	106	115,0	67	17,7	9,1	6,7
02-766	Áli	00-868	Áli	Vík 2	129	115	123,4	104	108	114,0	54	15,8	8,8	6,5
07-704	Kraftur	05-966	Raftur	Hali	135	106	123,4	106	108	113,8	24	19,8	9,3	7,8

Breki 07-563 frá Hofi 1 undan Rafti 05-966 var efstur í Austur-Skaftafellssýslu líkt og haustið 2009 með heildareinkunnina 115,3.

Afkvæmarannsóknir

Gerðar verða upp afkvæmarannsóknir hrúta fyrir um 40 bæi á starfsvæði Búnaðarsambandsins. Líkt og í fyrrahaust var ákveðið að gera upp rannsókn fyrir þá bæi sem ná lágmarksfjölda skoðaðra gimbra undan 5 hrútum eða fleirum, styrkurinn kemur þá á móti þeirri vinnu sem við vinnum við úrvinnslu rannsóknarinnar. Bændur þurfa ekki sérstaklega að óska eftir afkvæmarannsókn. Með þessu vonumst við til að bændur sjái þá kosti sem afkvæmarannsókn hefur við hrútavalið og óski þá eftir henni næstu haust.

haustin 2008 og 2009 var Funi 04-774 frá Ósabakka III undan Hyl (01-883), heildareinkunn 115,3. Efstur í Rangárvallasýslu var Skækill 07-403 frá Skarði undan Rafti 05-966 með 120,8 í heildareinkunn. Í Vestur-Skaftafellssýslu var efstur eins og haustið 2009 Fantur frá Mýrum undan Rafti 05-966, heildareinkunn 118,0.

Rétt er að benda á að allar töflur er hægt að nálgast á heimasíðu BSSL (www.bssl.is) eða á skrifstofum BSSL. Að lokum þakka þeir starfsmenn BSSL sem komu að hauststarfinu í sauðfjárrækt bændum fyrir gott samstarf og óska bændum og búaliði gleðilegs og farsæls nýs árs.

Sauðfjárræktarráðunautar BSSL



Angi 09-571 frá Hlíð, f. Raftur 05-966



Nr. 097 á Fitjamýri, f. Borði 08-838

» Áttu stóðhest sem stefnt er með á kynbótasýningu?

Þá er rétt að huga tímalega að því að taka DNA-sýni úr honum og foreldrum því nú fá stóðhestar ekki dóm nema að hafa sannað ætterni. Ef móðir stóðhests er dauð þarf að sanna móðernið eftir öðrum leiðum s.s. að taka DNA-sýni úr afkvæmum hennar (4-5 afkvæmum). Búnaðarsamband Suðurlands sér um DNA-sýnatöku fyrir þá sem vilja. Hægt er að panta sýnatöku í síma 480-1800 eða senda tölvupóst á halla@bssl.is eða petur@bssl.is.

Úr stóðhestum 5 vetra og eldri þarf einnig að taka blóð og röntgenmynda hækla í því skyni að draga úr tíðni spatts í hrossastofninum. Heimilt er að taka myndina á því ári sem hesturinn nær 5 vetra aldri. Reglur varðandi skil á þessum gögnum verða hertar næsta vor enda nokkur brögð að því að hestar fengju dóm þó eitthvað að ofan töldu hefði ekki skilað sér. Algengast var að sönnun á ætterni vantaði. Eitthvað var um að menn skiluðu vottorðum um að búið væri að taka DNA-sýni en sýnin síðan aldrei skilað sér inn í WF. Eigendum þessara hesta sem sluppu í gegn í sumar var sent bréf í haust og þeir beðnir um að kippa hlutunum í lag en enn hafa einhverjir ekki orðið við þeirri bön.

Jafnvægisverðið er 280 kr á lítra


Á nýliðnum fyrsta tilboðsmarkaði með greiðslumark í mjólk bárust Matvælastofnun 56 tilboð um kaup eða sölu greiðslumarks. Alls buðu 14 aðilar 927.871 lítra til sölu (gild tilboð) en 39 aðilar sendu inn gild kauptilboð í samtals 876.277 lítra. Jafnvægisverð reyndist vera 280 kr/l og munu viðskipti ná til 138.555 lítra eða rétt um 15% af því greiðslumarki sem boðið var til sölu.

Á meðfylgjandi mynd má sjá niðurstöðu tilboðsmarkaðar þann 1. desember 2010. Á myndinni er sýnd blá lína framboðs og rauð lína eftirspurnar. Skurðpunktur línanna sýnir jafnvægisverð sem fram kom á markaðinum krónur 280 kr/l.

Til upplýsinga fyrir tilboðsgjafa

Þeir sem sett hafa inn tilboð um kaup á greiðslumarki og boðið verð sem er hærra eða jafnhátt því jafnvægisverði sem fram kom á tilboðsmarkaðinum munu fá keypt greiðslumark í hlutfalli við magn viðkomandi tilboðsgjafa af heildargreiðslumarki sem kemur til viðskipta.

Þeir sem sett hafa inn tilboð um sölu á greiðslumarki á verði sem er hærra en það jafnvægisverð sem fram kom geta ekki selt greiðslumark sitt.



Örmerkingar

Búnaðarsamband Suðurlands tekur að sér að örmerkja hross. Hægt að panta örmerkingu í síma 480-1800 eða senda tölvupóst á netföngin halla@bssl.is eða petur@bssl.is. Minnum á að öll hross eldri en 10 mánaða eiga að vera skráð í WorldFeng og örmerkt. Dýralæknar mega ekki meðhöndla hross nema þau séu einstaklingsmerkt (í bráðatilfellum eru hross örmerkt samtímis meðhöndluninni). Aðeins má senda einstaklingsmerkt hross til slátrunar. Undanþegin eru folöld yngri en 10 mánaða en þeim skal fylgja einstaklingsnúmer móður.

Umsjónarmenn stóðhesta

Munið að skila inn stóðhestaskýrslum eða fangvottorðum þannig hryssueigendur geti skráð folöldin sem fæðast næsta sumar rafrænt í WoldFeng. Skýrslurnar þurfa að vera undirritaðar af umsjónamanni og dýralækni ef hryssurnar hafa verið ómskoðaðar.

Námskeið á vegum HS í samstarfi við Endurmenntun Lbhl



Kynbótamat íslenskra hrossa

Miðvikudagur 19. janúar, kl. 19:45-22:00 í félagsheimili hestamannafélagsins Sleipnis, Suðurtröð á Selfossi.

Bygging hrossa

Laugardagur 12. febrúar, kl. 09:00-16:00 (8 kennslustundir) í Ölfushöllinni á Ingólfshvoli.

Hæfileikar hrossa

Laugardagur 12. mars, kl. 9:30-16:30 (8,5 kennslustundir), Harðarhöllin í Mosfellsbæ

Nánari upplýsingar á bssl.is og lbhl.is